



Þingfundargerð 28. Ársþings Keilusambands Íslands 15. maí 2021 í húsnæði Öryrkjabandalagsins að Sigtúni 42, 104 Reykjavík.

1. Þingsetning

Jóhann Ágúst Jóhannsson (JÁJ) setur þing kl. 12:00. Býður fundarmenn velkomna og þakkar Öspinni kærlega fyrir að hýsa þingið í ár. Fer yfir sóttvarnir, grímunotkun og fjarlægðamörk.

JÁJ fer yfir að óvenjulegt sé að þingið fari fram áður en keppni er formlega lokið en tímabilið mjög óvenjulegt vegna Covid. Af þeim sökum vantar umfjöllun um ákveðna þætti í ársskýrslu stjórnar.

Sambandið verður 30 ára á næsta ári. Vonast til að losað verði um hömlur vegna Covid og að hægt verði að fagna afmælisárinu án hindrana.

JÁJ fer yfir breytingar í heimsmálum keilunnar. World Bowling er ekki lengur til en stofnað hefur verið International Bowling Federation með aðsetur í Sviss. Búið er að tilkynna að heimsmeistaramót fari fram í nóvember í Dubai þar sem keppt verður í öllum helstu flokkum, m.a. blönduðum flokki liða sem er nýmæli. Í framhaldinu verður einnig haldið heimsmeistaramót fatlaðra. KLÍ hyggst vera í sambandi við Íþróttasamband fatlaðra til að ræða möguleika á að senda íþróttafólk á slík mót í framtíðinni. Þá er einnig gert ráð fyrir öldungamótum, bæði 50+ og 60+.

Hafþór Harðarson lýsir áhyggjum af þessum breytingum sem gætu orðið slæmar fyrir litlu þjóðirnar. JÁJ segir að nauðsynlegt sé að ræða þessar breytingar vel hjá KLÍ.

2. Kosnir fastir starfsmenn þingsins

JÁJ tilnefnir Hafstein Pálsson (HP) sem þingforseta og Valgerði Rún Benediktsdóttur (VRB) sem þingritara og voru þau samþykkt samhljóða.

Þingforseti tók við stjórn þingsins og spurði hvort að einhverjar athugasemdir væru við boðun þingsins. Svo var ekki og því þingið lýst löglega boðað.

3. Kosnar fastanefndir

Gengið var til kosninga í nefndir og voru þær þannig skipaðar:

- a. Kjörbréfanefnd
 - i. Halldóra Íris Ingvarsdóttir ÍR
 - ii. Vilborg Lúðvíksdóttir KFA
 - iii. Magnús Reynisson KR

Kjörbréfanefnd tók þegar til starfa.

- b. Fjárhagsnefnd
 - i. Halldóra Íris Ingvarsdóttir ÍR
 - ii. Jónína B. Magnúsdóttir KFA
 - iii. Guðjón Júlíusson KFR

- c. Laganefnd
 - i. Valgerður Rún Benediktsdóttir ÍR
 - ii. Ársæll Erlingsson KFA
 - iii. Málfríður Jóna Freysdóttir KFR
- d. Allsherjarnefnd
 - i. Ásgeir Henningsson ÍR
 - ii. Ingi Geir Sveinsson ÍA
 - iii. Helga Ósk Freysdóttir KFR
- e. Kjörnefnd
 - i. Böðvar Már Böðvarsson ÍR
 - ii. Sævar Þór Magnússon KFA
 - iii. Þórey Bang Ösp

4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu sína

JÁJ vísar til fyrirbyggjandi ársskýrslu KLÍ þar sem tíunduð eru verkefni liðins tímabils (sjá nánar í ársskýrslu). Þakkar Öspinni kærlega fyrir að hýsa þingið og lýsir yfir sérstakri ánægju með að félagið sé nú aðili að KLÍ.

JÁJ fer yfir stöðu keilunnar sem er ekki góð. Lökendum fækkar stöðugt og sérstaklega í yngstu aldurshópunum. Aðstöðumálin eru þar stór þáttur en ekki sá eini og bætt aðstaða ekki skyndilausn fyrir íþróttina. Keilan sem íþrótt þarf að setja sér markmið til lengri og skemmri tíma. Í því sambandi stendur til að vera með málþing á komandi vetri þar sem ræða á leiðir til að efla íþróttina. Fer einnig yfir að það sé mikilvægt að allir séu meðvitaðir um að innan keilunnar gilda ákveðnar reglur og það þarf að vinna eftir þeim. Árásir á einstaklinga sem sinna störfum fyrir íþróttina vegna ákvarðana sem teknar eru í samræmi við lög og reglur hjálpa engum. Má alltaf bæta hluti en allt byrjar og endar með samtali. Ætlum við að hafa samtalið þannig að það skili okkur áfram? (sjá nánar í inngangi í ársskýrslu).

Þingforseti gefur Kjörbréfanefnd orðið. Halldóra Íris Ingvarsdóttir (HÍl) formaður Kjörbréfanefndar fer yfir niðurstöður hennar. Alls voru 31 þingfulltrúar löglegir samkvæmt boðun þingsins en 22 fulltrúar eru mættir frá öllum þingaðilum nema Þór, IBR og IBA (sjá fylgiskjöl þinggerðar). Kjörbréf samþykkt.

5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar

Einar Jóel Ingvarsson (EJI) gjaldkeri KLÍ fer yfir reikninga félagsins. Rekstrartekjur voru rúmlega 24 milljónir, rekstrargjöld rúmlega 17 milljónir og rekstrarafgangur tæpar 7 milljónir. Eigið fé og skuldir eru um 27,5 milljónir (sjá nánar í ársskýrslu).

Þingforseti gaf orðið laus um reikninga. Fram kom spurning um af hverju tekjur af Lottó hefðu hækkað mikið milli ára. Þingforseti svaraði því, benti á að afkoma Íslenskrar getspar hefði verið góð en einnig hefði komið til aukagreiðsla vegna hagnaðar. Reikningar félagsins voru því næst bornir undir samþykki og voru þeir samþykktir samhljóða.

6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlun fyrir næsta ár

EJI fór yfir fjárhagsáætlun KLÍ fyrir starfsárið 2022 og endurmetna áætlun fyrir starfsárið 2021 (sjá nánar á fylgiskjali). Áætlun var síðan vísað til fjárhagsnefndar til umfjöllunar.

7. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar þær sem fram hafa komið

EJI fer yfir lagabreytingar sem KFA leggur fyrir þingið (sjá nánar á fylgiskjöllum):

a. Breyting á 9. gr. laga KLÍ

Lagt er til að í stað orðsins „fundarritari“ í 2. málslíð 1. mgr. 9. gr. komi „meðstjórnenda“ og orðast málsgreining þá svo: „Stjórn KLÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnenda.“

Rökstuðningur: Óþarfi að hafa tvo ritara og almennt talað um meðstjórnendur.

b. Breyting á 13. gr. laga KLÍ

Lagt er til að svohljóðandi 3. mgr. 13. gr. falli brott: „Þeir sem skipaður eru í aganefnd skulu hvorki sitja í stjórn KLÍ eða stjórnnum aðildarfélaga.“

Rökstuðningur: Því miður sé félagsskapurinn ekki það stór að hægt sé að útiloka þá aðila sem vilja starfa innan keilunnar. Verðum að treysta að ákvæði um hæfi nefndarmenna haldi.

Tillögunum vísað til laganefndar.

8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál sem borist hafa til stjórnarinnar

8.1. EJI fer yfir breytingu sem KFA leggur til á *reglugerð KLÍ um keilumót* (sjá nánar á fylgiskjöllum):

a. Breyting á 15. gr.

Lagt er til að 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. orðist svo: „Leikmenn mega vera í síðbuxum, pilsum eða stuttbuxum af sama lit.“

Rökstuðningur: Það tíðkast ekki í nútíma samfélagi að hafa reglur sem mismuna fólki eftir kyni, trú eða litarhætti. Eins talar jafnréttisstefna ÍSÍ um að ekki eigi að mismuna kynjum.

8.2. Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) fer yfir tillögu ÍR til breytinga á *Mótsreglum um Íslandsmót deildarliða* (sjá nánar á fylgiskjöllum)

b. Breyting á 7. tl. 6. mgr. 9. gr.

Lagt er fyrir þing að taka til umræðu að leggja til samþykktar að taka upp val á nýliðum ársins í keilu, beggja kynja, þvert á allar deildir í stað framfaraverðlauna hverrar deildar.

Rökstuðningur: Sá einstaklingur innan deildar sem er með hæsta meðaltal deildar fær verðlaun sem og stigameistari auk fleiri einstaklingsverðlauna fyrir framúrskarandi árangur. Þessi verðlaun lenda jú hjá aðilum sem eru komnir langt í íþróttinni og skara fram úr innan deildar meðal jafningja. Aðili getur átt lélegt tímabil en komið til baka í því næsta og þessi verðlaun eru ekki hrós fyrir hans come-back ef svo má segja. Miklu nær væri að horfa yfir allar deildir hvors kyns fyrir sig og velja þar skv. fyrir fram gefnum forsendum/leiðbeiningum nýliða ársins (e. Rookie of the year). Þar með lyfta aðeins upp yngri kynslóðinni og sýna henni að hverju má keppa.

Tillögum vísað til allsherjarnefndar.

Þinghlé

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðsla um þær

9.1. Tekið er fyrir nefndarálit allsherjarnefndar:

a. Breytingar á 15. gr. reglugerðar um keilumót

Ásgeir Henningsson (ÁH) fer yfir að nefndin leggi til viðbót við fyrrgreindar breytingar (sjá lið 8.1. í fundargerð) þannig að skýrt sé að allir leikmenn liðs þurfi að klæðast klæðnaði af sömu gerð. Þá orðast 2. málsl. 1. mgr. 15. gr. svo (viðbót allsherjarnefndar skáletruð):

„Leikmenn mega vera í síðbuxum, pilsum eða stuttbuxum af sama lit en allir leikmenn liðs í klæðnaði af sömu gerð.“

Ákvæði 15. gr. reglugerðar um keilumót orðast þá svo:

„Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð. Leikmenn mega vera í síðbuxum, pilsum eða stuttbuxum af sama lit en allir leikmenn liðs í klæðnaði af sömu gerð. Brot á ákvæði þessu varðar sekt skv. gjaldskrá KLÍ.

Í A-mótum, sem og öllum mótum sem sjónvarpað er frá, er óheimilt að leika í gallabuxum.

Sé einhver þannig klæddur að ósæmilegt megi teljast, getur mótstjóri/dómari bannað honum að keppa, nema ráðin sé bót á því.“

Þingforseti leggur breytingartillöguna til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

b. Breyting á 7. tl. 6. mgr. 9. gr. Mótsreglna um Íslandsmót deildarliða

ÁH fer yfir að nefndin leggi til að þingið leggi það fyrir stjórn að klára breytingar á reglugerðinni og tilgreina m.a. hvað fellst í orðinu nýliði s.s. hvort að um sé að ræða einstakling undir 23. ára aldri.

Fram kom athugasemd um að ekki ætti að binda nýliðaval við einstaklinga undir 23. ára. Þingforseti lagði til að þeim sjónarmiðum yrði einnig vísað til stjórnar KLÍ til umræðu.

Þingforseti leggur tillöguna til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

9.2. Tekið er fyrir nefndarálit laganefndar (sjá nánar undir lið 7 í fundargerð):

a. Breytingar á 9. gr. laga KLÍ

VRB fer yfir að laganefnd leggi til að tillagan sé samþykkt óbreytt.

Fram kom ábending um að nota ætti orðalagið „meðstjórnandi“ frekar en „meðstjórnenda“.

Ákvæði 9. gr. laga KLÍ orðast þá svo:

„Stjórn KLÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn KLÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður er kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Á sama þingi skal kjósa tvo stjórnarmenn einnig til tveggja ára. Á næsta þingi skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára. Skal kjósa bundinni, leynilegri kosningu. Stjórnarmenn skipta með sér störfum eftir hvert ársþing.

Á hverju þingi skal kjósa 3 menn í varastjórn til eins árs í senn, og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast. Koma þeir inn í sömu röð og þeir voru kosnir. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

Reikningsár KLÍ er 1. janúar til 31. desember. “

Þingforseti leggur tillöguna til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

b. Breyting á 13. gr. laga KLÍ

VRB fer yfir að laganefnd leggi til að tillagan sé samþykkt óbreytt en að þingið samþykki jafnframt eftirfarandi bókun:

„Í tengslum við breytingar á 13. gr. laga KLÍ er áréttað að núgildandi ákvæði 6. mgr. 13. gr. hefur það í för með sér að skipta þarf út fulltrúa í aganefnd ef mál varðar félag viðkomandi fulltrúa.“

Ákvæði 13. gr. orðast þá svo:

„Vald nefnda á vegum KLÍ.

Aganefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum KLÍ og vera þar til bær úrskurðaraðili um öll þau deiluefni sem ekki eru sérstaklega falin öðrum í reglugerðum KLÍ.

Mótanefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum KLÍ og vera þar til bær úrskurðaraðili um þau efni sem henni er sérstaklega falið í reglugerðum KLÍ.

Dómaranefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum KLÍ og sjá um skipulag og framkvæmd dómgæslu í mótum sem haldin eru á vegum KLÍ.

Um hæfi nefndarmanna til úrskurða í einstaka málum skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Sé nefndarmaður vanhæfur til meðferðar máls skal stjórn KLÍ skipa annan aðila í hans stað í því tiltekna máli.

Unnt er að kæra framangreinda úrskurði nefnda á vegum KLÍ til dómstóls ÍSÍ.“

Þingforseti leggur tillöguna ásamt bókun laganefndar til samþykktar og var bæði breytingin og bókunin samþykkt samhljóða.

Þingforseti leggur þá lögina í heild sinni með áorðnum breytingum til samþykktar og eru þau samþykkt samhljóða.

9.3. Tekið fyrir álit fjárhagsnefndar.

Halldóra Íris Ingvarsdóttir (HÍ) fer yfir álit fjárhagsnefndar. Nefndin leggur til þá breytingu að hækka áætlaðan kostnað vegna afmælisárs um 1 milljón þannig að heildarkostnaður þess liðar verði 2.2 milljónir.

Þingforseti leggur fjárhagsáætlunina svo breytt til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál

JÁJ tilkynnir að stjórn KLÍ hafi ákveðið að veita þeim Jónínu Björg Magnúsdóttur (JBM) KFA og Guðjóni Júlíussyni (GJ) KFR silfurmerki KLÍ. Voru þau bæði viðstödd og veittu merkinu viðtöku.

VRB fyrir hönd stjórnar keiludeildar ÍR leggur til að þingið samþykki eftirfarandi tillögu:

„Ársþing Keilusambands Íslands árið 2021 styður stjórn KLÍ til að halda áfram af krafti viðræðum við íþróttahreyfinguna og stjórn málaöfl um uppbyggingu á aðstöðu fyrir keiluiþróttina. Aðstaða til að stunda íþróttina er með öllu óviðunandi og gerir allt uppbyggingar og þróunarstarf nær ómöguleg. Í því samhengi mættu t.d. stjórn málaöfl í Reykjavík og á Akureyri taka samstarf bæjarstjórnar Akraness og keiludeildar ÍA sér til fyrirmyndar sem tóku höndum saman um uppbyggingu á aðstöðu fyrir keiluiþróttina á Akranesi. Það er allt hægt ef viljinn er fyrir hendi!”

Þingforseti ber tillöguna upp til samþykktar og var hún samþykkt samhljóða.

JBM lýsir yfir ánægju með hvað veturinn hafi gengið vel þrátt fyrir erfiðar aðstæður. Hins vega þurfi ímynd keilunnar sem íþróttar að breytast þannig að hún sé ekki tengd eingöngu við skemmtun og áfengi. Keila sé vissulega skemmtileg en einnig íþrótt. Nauðsynlegt að breyta þessari ímynd til að hægt sé að byggja upp fleiri keilusali til að iðka íþróttina. Einnig nauðsynlegt að auka umfjöllun í fjölmiðlum og fá fleiri beinar útsendingar frá keppnum.

JÁJ tekur undir með JBM hvað varðar ímynd keilunnar. Er íþrótt falin inn í afþreyingu. Varðandi aðstöðumálin í Reykjavík þá virðist lítið vera að gerast. Í skýrslu um þjóðarleikvanga er keila oft nefnd sem íþrótt sem þarf aðstöðu. Í skýrslu Reykjavíkurborgar um uppbyggingu íþróttamannvirkja sé hins vegar ekki minnst á keilu. Til umræðu hefur verið að keilan fái aðstöðu í tengibyggingu í tengslum við uppbyggingu á ÍR svæðinu en þar er ekkert í hendi. Þá hafa jafnframt verið uppi hugmyndir um keiluaðstöðu í nýju skautasvellshúsi í Laugardalnum. JÁJ og BMB hittu Frímann Ara Ferdinandsson framkvæmdastjóra ÍBR og ræddu málin. ÍBR munu óska eftir fundi með borgarstjóra til að fá á hreint hver framtíðarplönin varðandi keiluaðstöðu eru. JÁJ ætlar að mæta á aðalfund þórs til að ræða aðstöðumál á Akureyri.

GJ segir að KRF hafi gefið verulega í til að fjölga krökkum í keilu. Það hafi gengið ágætlega en vandi sé að halda í krakkana vegna aðstöðunnar. Krakkarnir séu kannski að klára æfingu og þá sé búið að bóka brautirnar og fólk farið að bíða eftir aðstöðunni jafnvel með áfengi innan um krakkana. Erfitt að verja þetta fyrir foreldrum sem telja sig vera að koma með börnin á íþróttæfingu.

BMB tekur undir með GH. Nákvæmlega það sama og ÍR hefur gengið í gegnum. Nauðsynlegt að leggja allt kapp á að bæta aðstöðuna. Minnir félögin einnig á að frestur til að skila inn skráningum liða fyrir næsta haust sé til og með 31. maí.

Þingforseti tekur til máls og flytur kveðju framkvæmdastjórnar og starfsfólks ÍSÍ. Árið hafi verið um margt sérstak vegna Covid en þó hafi töluvert verið fundað á vegum ÍSÍ og nokkuð víðtæk þátttaka náðst. Einnig hafi verið fundað með ráðherrum en mikil vinna var hjá ÍSÍ við að fá stuðning við íþróttastarf á Covid tímum. Það hafi gengið vel og fyrir það beri að þakka. Þá hvetur hann þingfulltrúa í að halda áfram sókn fyrir íþróttina og skoða alla möguleika t.d. að ræða við nágrannasveitarfélög Reykjavíkur um uppbyggingu á keiluaðstöðu. Með keiluaðstöðu komi aukin vídd í íþróttastarf á svæðinu. Óskar þess að keiluaríð verði gott og að það gangi vel að ná krökkum til baka inn í starfið sem og að efla það.

11. Kosning stjórnar, varastjórnar, fulltrúa og varafulltrúa á þing ÍSÍ

11.1. Kosið er um tvo aðalmenn í stjórn til tveggja ára.

Fyrir liggja eftirfarandi framboð:

- a. Einar Jóel Ingólfsson (KFA)
- b. Geirdís Hanna Kristjánsdóttir (ÍR)

Ekkert mótframboð kom og eru þau því sjálfkjörin

11.2. Kosið um þrjá varamann í stjórn til eins árs.

Fyrir liggja eftirfarandi framboð

- a. Hörður Ingi Jóhannsson (ÍR)
- b. Svavar Þór Einarsson (ÍR)
- c. Helga Hákonardóttir (Ösp)

Ekkert mótframboð kom og eru þau því sjálfkjörin.

11.3. Kosið um fulltrúa og varafulltrúa á þing ÍSí.

Þingforseti upplýsir að ekki þurfi að kjósa fulltrúa á íþróttaping þar sem það er ekki fyrr en eftir tvö ár.

12. Kosnir tveir skoðunarmenn reikninga og tveir til vara

Tillaga að skoðunarmenn verði Heiða Sigrún Guðmundsdóttir (utan félaga) og Sigurður Þorsteinn Guðmundsson (ÍA). Tillaga að skoðunarmenn til vara verði Pétur Helgason og Hjalti Ásbjartsson.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

13. Þingslit

Þingforseti þakkar þingfulltrúum fyrir gott samstarf á þinginu og gefur JÁJ orðið.

JÁJ þakkar þingfulltrúum fyrir mætinguna og þátttökuna. Nefnir að ársfundirnir séu að færast í gott form og séu finnr vettvangur til að eiga samræður um keiluna. Bindur vonir við að næsta tímabil geti farið fram óhindrað. Ánægður með fjárhagsnefndina að hafa lagt til veglegri útgjaldaramma vegna afmælisárs. Þakkar Kristjáni Davíð fráfarandi íþróttastjóra fyrir góð störf sem og PMP fyrir hans störf. Þakkar einnig samstarfsfólki í fráfarandi stjórn fyrir samstarfið og óskar nýrri stjórn til hamingju með kjörið. Þakkar þingforseta fyrir fundarstjórn og VRB fyrir fundarritun. Óskar þingfulltrúum góðs sumars og minnir á að það þarf ekki að hætta að kasta kúlu þó að sól hækki og að mörg verkefni séu framundan til að styrkja íþróttina.

Formaður slítur að því loknu þingi 13:55.



Skipting fulltrúa á 28. þings KLÍ

Laugardaginn 15. maí kl. 12:00

Í húsnæði Öryrkjabandalagsins að Sigtúni 42, 104 Reykjavík

Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu keppenda í keilu í ársmeðaltali. Miðað er við ársmeðaltal síðasta almanaksárs.

Þingfulltrúar 28. þing KLÍ

Þingaðilar	Fjöldi iðkenda	Héraðs- sambönd	Þing- fulltrúar
ÍR	106		9 9
KFA	33		5 5
KFR	48		5 5
KR	4		3 1
ÞÓR	17		3
Ösp	11		3 3
IBR		1	1
IA		1	1 1
IBA		1	1
Samtals	219	3	31

24



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KJÖRBRÉF

28. ársþing Keilusambands Íslands, 15. maí 2021

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir sem þingfulltrúar Keilufélags Akraness, KFA

Aðalfulltrúar:

Einar Tóel Ingólfsson
Vilborg Lúðvíksdóttir
Jónína B. Magnúsdóttir
Arsæll Erlingsson
Sævar Þór Magnússon

Varafultrúar:

Akranes 14. maí 2021

Staður og dagsetning


Staðfesting f.h. Félags



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KJÖRBRÉF

28. ársþing Keilusambands Íslands, 15. maí 2021

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir sem þingfulltrúar Íþróttabandalags Akraness, ÍA

Aðalfulltrúar:

Ingi Geir Sveinsson

Varafulltrúar:

Akranes 12.05.2021

Staður og dagsetning

Íþróttabandalag
Akraness

Kr. 670169-2199

[Signature]

Staðfesting f.h. héraðssambands

Íþróttabandalag
Akraness

Kr. 670169-2199

[Signature]

Staðfesting f.h. héraðssambands



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KJÖRBRÉF

28. ársþing Keilusambands Íslands, 15. maí 2021

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir sem þingfulltrúar Íþróttafélagsins Ösp

Aðalfulltrúi:

Helge Hókonardóttir
Kerlotta Jóna Finnisdóttir
Þórey Bang

Varafulltrúi:

Hreine María Heiðersdóttir

Reykjavík 15. maí 2021
Staður og dagsetning

Staðfesting f.h. deildar

Helge Hókonardóttir
Staðfesting f.h. félags

Keilusamband Íslands • Íþróttamiðstöðinni, Laugardal 104, Reykjavík

kli@kli.is • www.kli.is



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KJÖRBRÉF

28. ársþing Keilusambands Íslands, 15. maí 2021

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir sem þingfulltrúar Keilufélags Reykjavíkur, KFR

Aðalfulltrúar:

Gudjón Siliusson
Málfríður Jóna Freysdóttir
Helga Ósk Freysdóttir
Skuli Freyr Sigurdsson
Guðlaf Smári Björnsson

Varafulltrúar:

15. maí 2021

Staður og dagsetning

Gudjón Sili

Staðfesting f.h. Félags

Staðfesting f.h. félags

Keilusamband Íslands • Íþróttamiðstöðinni, Laugardal 104, Reykjavík

kli@kli.is • www.kli.is



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KJÖRBRÉF

28. ársþing Keilusambands Íslands, 15. maí 2021

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir sem þingfulltrúar Knattspyrnufélags Reykjavíkur, KR

Aðalfulltrúar:

Magnús Reynisson

Varafulltrúar:

Reykjavík 15-05-2021
Staður og dagsetning

Magnús Reynisson
Staðfesting f.h. félags

Magnús Reynisson
Staðfesting f.h. félags



KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Íþróttamiðstöðinni Laugardal

KJÖRBREF

28. ársþing Keilusambands Íslands, 15. maí 2021

Eftirtaldir aðilar eru tilnefndir sem þingfulltrúar Íþróttafélags Reykjavíkur, ÍR

Aðalfulltrúar:

VALGERÐUR RÚN BENEDIKT
LUNAR OLÍ PÓRSSON
ÁSGEIR HENNINGSSON
HALDÓRA ÍRIS INGEVARSD.
DANIEL WGI GÓTSKALKSS.
BÖGVAR MÆR BÖGVARSSON
LINDA HRÖNN MAGNÚSD.
HAFDÓR HARÐARSON
SNAVAR ÞÓR EINARSSON

Varafulltrúar:

15. MAÍ 2021 REYKJAVÍK

Staður og dagsetning

Valgerður Rún Ben.

Staðfesting f.h. Félags

Ásgeir Henningsson

Staðfesting f.h. félags



Fjárhagsáætlun KLÍ fyrir starfsárið 2022 og endurmetin fjárhagsáætlun fyrir starfsárið 2021

	Raun 2020	Áætlun 2021	Endurmetin áætlun 2021	Áætlun 2022
Tekjur:				
Skráningargjöld	1,853,500	2,800,000	2,000,000	2,800,000
Þátttökugjöld ýmissa móta og æfinga	1,030,500	6,500,000	5,500,000	6,600,000
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ	3,316,441	2,000,000	1,800,000	1,800,000
Önnur framlög frá ÍSÍ	8,676,565	15,750,000	7,090,000	16,100,000 **
Tekjur vegna móta erlendis	3,192,964	6,500,000	2,550,000	9,900,000 **
Lottó - tekjur	6,064,722	3,200,000	4,500,000	4,000,000
Tekjur af Reykjavík Games	0	0	1,605,300	3,000,000 ***
Tekjur alls:	24,134,692	36,750,000	25,045,300	44,200,000
Gjöld:				
Kostnaður vegna móta	1,334,730	7,720,000	6,350,000	7,920,000
Kostnaður vegna móta erlendis og afrekshóp	6,609,078	15,600,000	6,523,000	21,700,000 **
Útgáfa, útbreiðslu- og kynningarstarf	177,300	1,100,000	1,100,000	1,100,000
Laun og launatengd gjöld	7,976,362	9,000,000	7,900,000	8,700,000
Skrifstofukostnaður	939,509	1,200,000	1,200,000	1,200,000
Annar rekstrarkostnaður	186,191	200,000	200,000	1,200,000 *
Fjármagnsliðir nettó	-76	-120,000	-120,000	-120,000
Kostnaður af Reykjavík Games	0	0	1,284,290	2,500,000 ***
Gjöld alls:	17,223,094	34,700,000	24,437,290	44,200,000
Tekjur umfram gjöld:	6,911,598	2,050,000	608,010	0

* Áætlun vegna 30 ára afmæli KLÍ

** Hugsamleg færsla á verkefnum vegna Covid-19

*** Gert ráð fyrir 500 þ. hagnaði af RIG

Keilufélag Akraness vill leggja eftirfarandi tillögur fyrir þing KLÍ.

Breyting á 9. grein laga KLÍ sem hljómar þannig í dag.

Stjórn KLÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn KLÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og fundarritari. Formaður er kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Á sama þingi skal kjósa tvo stjórnarmenn einnig til tveggja ára. Á næsta þingi skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára. Skal kjósa bundinni, leynilegri kosningu. Stjórnarmenn skipta með sér störfum eftir hvert ársþing.

Á hverju þingi skal kjósa 3 menn í varastjórn til eins árs í senn, og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast. Koma þeir inn í sömu röð og þeir voru kosnir. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

Reikningsár KLÍ er 1. janúar til 31. desember.

Lagt er til að breyta fundarritara í meðstjórnenda.

Og væri greinin þannig eftir breytingu:

9. grein

Stjórn KLÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn KLÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnenda. Formaður er kosinn sérstaklega til tveggja ára í senn. Á sama þingi skal kjósa tvo stjórnarmenn einnig til tveggja ára. Á næsta þingi skal kjósa tvo stjórnarmenn til tveggja ára. Skal kjósa bundinni, leynilegri kosningu. Stjórnarmenn skipta með sér störfum eftir hvert ársþing.

Á hverju þingi skal kjósa 3 menn í varastjórn til eins árs í senn, og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast. Koma þeir inn í sömu röð og þeir voru kosnir. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

Reikningsár KLÍ er 1. janúar til 31. desember.

Rökstuðningur: Þetta er það form sem er í flestum félagssköpum og eins er óþarfi að hafa tvo ritara.

Eins leggjum við til breytingu á 13. grein en hún fjallar um Vald nefnda á vegum KLÍ.

Aganefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum KLÍ og vera þar til bær úrskurðaraðili um öll þau deiluefni sem ekki eru sérstaklega falin öðrum í reglugerðum KLÍ.

Þeir sem skipaður eru í aganefnd skulu hvorki sitja í stjórn KLÍ eða stjórnnum aðildarfélaga.

Mótanefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum KLÍ og vera þar til bær úrskurðaraðili um þau efni sem henni er sérstaklega falið í reglugerðum KLÍ.

Dómaranefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum KLÍ og sjá um skipulag og framkvæmd dómgæslu í mótum sem haldin eru á vegum KLÍ.

Um hæfi nefndarmanna til úrskurða í einstaka málum skal farið eftir hæfisreglum stjórnsýslulaga. Sé nefndarmaður vanhæfur til meðferðar máls skal stjórn KLÍ skipa annan aðila í hans stað í því tiltekna máli.

Unnt er að kæra framangreinda úrskurði nefnda á vegum KLÍ til dómstóls ÍSÍ.

Leggjum við til að málsgreinin „Þeir sem skipaður eru í aganefnd skulu hvorki sitja í stjórn KLÍ eða stjórnnum aðildarfélaga“ verði feld út.

Og verði eftir breytingu:

13. grein

Vald nefnda á vegum KLÍ.

Aganefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum KLÍ og vera þar til bær úrskurðaraðili um öll þau deiluefni sem ekki eru sérstaklega falin öðrum í reglugerðum KLÍ.

Mótanefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum KLÍ og vera þar til bær úrskurðaraðili um þau efni sem henni er sérstaklega falið í reglugerðum KLÍ.

Dómaranefnd skal starfa skv. lögum og reglugerðum KLÍ og sjá um skipulag og framkvæmd dómgæslu í mótum sem haldin eru á vegum KLÍ.

Um hæfi nefndarmanna til úrskurða í einstaka málum skal farið eftir hæfisreglum stjórnarsýslulaga. Sé nefndarmaður vanhæfur til meðferðar máls skal stjórn KLÍ skipa annan aðila í hans stað í því tiltekna máli.

Unnt er að kæra framangreinda úrskurði nefnda á vegum KLÍ til dómstóls ÍSÍ.

Rökstuðningur:

Því miður er okkar félagskapur ekki það stór að við getum útilokað þá aðila sem vilja starfa fyrir okkur. Við verðum að treysta að ákvæði um hæfi nefndarmanna haldi.

Svo leggjum við til breytingu á Reglugerð KLÍ um keilumót 15. grein.

Leggjum við til að hún verði svona.

15. grein: Búningar

Allir leikmenn liðs skulu vera í eins keppnistreyjum af sama lit og sömu gerð.

Leikmenn mega vera í síðbuxum, pilsum eða stuttbuxum af sama lit.

Brot á ákvæði þessu varðar sekt skv. gjaldskrá KLÍ.

Í A-mótum, sem og öllum mótum sem sjónvarpað er frá, er óheimilt að leika í gallabuxum.

Sé einhver þannig klæddur að ósæmilegt megi teljast, getur mótstjóri/dómari bannað honum að keppa, nema ráðin sé bót á því.

Rökstuðningur:

Það tíðkast ekki í nútíma samfélagi að hafa reglur sem mismuna fólki eftir kyni, trú eða litarhættum.

Eins talar jafnréttisstefna ÍSÍ um að ekki eigi að mismuna kynjum.

Tillaga til Ársþings 2021

Taka út í Mótsreglum um Íslandsmót liða 9. gr. lið 7 í verðlaunum sem eru Framfaraverðlaun hvernar deildar.

<https://www.kli.is/log-og-reglugerdir/motsreglur/islandsmot-deildarlida-motsreglur/>

Í staðin taka upp fyrirkomulag að velja nýliða ársins bæði í karla og kvennaflokki og eftir atvikum miða við aldur. Færa það þá úr mótsreglum um Íslandsmót liða og finna viðeigandi stað fyrir það t.d. í Reglugerð um val á keilurum ársins.

Rökstuðningur

Sá einstaklingur innan deildar sem er með hæsta meðaltal deildar fær verðlaun sem og stigameistari auk fleiri einstaklingsverðlauna fyrir framúrskarandi árangur. Þessi verðlaun lenda jú hjá aðilum sem eru komnir langt í íþróttinni og skara fram úr innan deildar meðal jafningja.

Aðili getur átt lélegt tímabil en komið til baka í því næsta og þessi verðlaun eru ekki hrós fyrir hans come-back ef svo má segja. Miklu nær væri að horfa yfir allar deildir hvors kyns fyrir sig og velja þar skv. fyrir fram gefnum forsendum/leiðbeiningum nýliða ársins (e. Rookie of the year). Þar með lyfta aðeins upp yngri kynslóðinni og sýna henni að hverju má keppa.

Tillagan

27. ársþing KLÍ haldið laugardaginn 15. maí 2021

Lagt er fyrir þing að taka til umræðu og leggja til samþykktar að taka upp val á nýliðum ársins í keilu, beggja kynja, þvert á allar deildir í stað framfaraverðlauna hvernar deildar.